

Skógfræðingafélag Íslands [450404-2920]

Fundargerð 3. stjórnarfundar

25. janúar 2010 – Húsnæði Suðurlandsskóga, Selfossi.

Fundur settur kl: 8:40 – slitið – 10:40

Mættir: Björgvin Eggertsson [formaður], Harpa Dís Harðardóttir [gjaldkeri],
Bjarni D. Sigurðsson [ritar].

I. Dagskrá

1. Ný heimasíða
2. Fundarboð á næsta aðalfund þann 24 mars
3. Búfræðingatal/(skógfræðingatal)
4. Gunnarssjóður
5. Inntaka félaga
6. Önnur mál

1. Heimasíða félagsins (www.skogfraedi.is)

Drög að heimasíðu sem Bjarni Diðrik hefur útbúið skoðuð af stjórn. Stjórn samþykkti að heimasíðan verði birt sem fyrst í því formi sem hún er.

2. Aðalfundur í Stykkishólmi undirbúinn

- a. Fá tíma hjá skipulagsnefnd Fræðafundar kl. 21:00 á miðvikudagskvöldið 24/3 fyrir aðalfundinn í Stykkishólmi; félagið mundi bjóða upp á veitingar (bjór) → *Bjarni hefur samband við skipulagsnefnd og fær tíma.*
- b. Engar lagabreytingar þarf að gera á aðalfundi.
- c. Það þarf að fara að undirbúa að ný stjórn taki við á næsta aðalfundi. Ákveðið var á síðasta aðalfundi að skógfræðingar á SV og V-landi taki við félaginu. Til greina koma þá (eru félagar): Aðalsteinn, Arnór, Þorbergur, Óli finnski, Einar G, Jón Geir, Óli Sæm, Fanney Dagmar og Sigvaldi → *Björgvin hefur samband við Aðalstein og hvetur hann til að byrja að heyra í sínu fólki hverjir vilja taka við taumunum...*
- d. Námsmatsnefnd – reglur kveða á um að skipta eigi tveimur nefndarmönnum út annað hvert ár. Tveir gengu úr síðast. Þorbergur Hjalti á að ganga út núna (hefur setið tvö ár). Þarf að undirstinga einhverja að gefa kost á sér.
- e. Gangu þarf frá reikningum félagsins fyrir 2009 og fá þá endurskoðaða → *Harpa gengur í þetta.*
- f.

3. Erindi til félagsins: Búfræðinga/skógfræðingatal

Björgvin var boðaður á fund í síðustu viku í húsnæði Bændasamtaka Íslands með Einari frá Skörðugili. Hann er að vinna að undirbúningi að útgáfu næsta Búfræðingatals og hefur boðið Skógfræðingafélaginu að taka þátt, og þar með að fjallað yrði um alla skógfræðinga frá upphafi í bókinni. Útgáfa bókarinnar mun kosta um 5 milljónir og munu þeir sem að henni standa greiða kostnaðinn sem verður umfram styrki sem fást til útgáfunnar. Kostnaður er enn óljós.

- a. Miðað við að skógfræðingar séu um 50 talsins (miðað við a.m.k. BS gráðu) þá myndi félagið þurfa að greiða um 10% kostnaðar umfram styrki (allt að 500.000 kr.). Stjórn sér ekki fram á að félagið hafi fjárhagslegt bolmagn til þess nema að félögum fjölgi og þeir standi betur í skilum með árgjöld sín.
- b. Stjórn telur hinsvegar einnig að þátttaka í útgáfu slíks rits um alla skógfræðinga, lífs og liðna, þjóni vel markmiðum félagsins – það þyrfti þá að fá félagsmenn til að greiða sérstaklega fyrir þátttöku í verkefninu.
- c. *Björgvin ætlar að afla meiri upplýsinga um málið og stjórn stefnir síðan á að kynna málið fyrir félagsmönnum á næsta aðalfundi (í fundarboði?) og láta fundinn ákveða hvert framhaldið verður.*
- d. *Björgvin lætur Einar vita um þessa afgreiðslu, þannig að við verðum a.m.k. ennþá höfð með í ráðum.*

4. Gunnarssjóður

Björn B. Jónsson kom inn á fundinn og fór yfir málið með stjórn. Það var samþykkt á síðasta aðalfundi að Skógfræðingafélagið ætti að gerast verndari Gunnarslundar og ætti jafnframt að bjóðast til að taka við Gunnarssjóði. Stjórn var falið að semja reglur um úthlutanir úr sjóðnum til endurmenntunarmála í samráði við fjölskyldu Gunnars heitins.

- a. Þarf síðan að kynna slík drög á næsta aðalfundi og fá samþykkt.
- b. *Harpa og Björn bjóða sig fram að gera fyrstu drög að reglum um sjóðinn og úthlutanir...*
- c. *Bjarni mun setja nýja síðu undir heimasíðu félagsins um Gunnarssjóð þegar málið er komið í höfn.*

5. Inntaka nýrra félaga – 35 nafna listi frá Námsmatsnefnd

Námsmatsnefnd sendi stjórn lista með 35 nöfnum hugsanlegra félaga sem þeir höfðu metið að bjóða ætti í félagið án formlegrar umsóknar – og óskuðu eftir að stjórn færi yfir listann og sæi síðan um framkvæmdina.

- a. *Björgvin fær listann á rafrænu formi frá Þorbergi Hjalta og hefur samband við Bjarna og Hörpu ef honum finnst einhver vafaatriði með þá sem Námsmatsnefnd hefur á honum.*
- b. *Björgvin semur drög að boðsbréfi til nýrra félaga – BDS les yfir og hjálpar til. Harpa sendir út bréfin fyrir febrúarlok, þar sem nýir félagar verða hvattir til að ganga formlega í félagið á næsta aðalfundi.*

6. Önnur mál

- a. **Heimasíða** – bæta við upplýsingar um hverjir hafa lokið skógfræði og skógtækninámi upplýsingum um þá sem tóku 1,5-6 mán. skógræktarnámskeið í Sönsterud í Noregi og sem tóku Íslenska skógarskólann (Hákons Bjarnasonar).
 - b. **Linkur á www.skogfraedi.is** – muna eftir að senda linkinn inn á heimasíðu félagsins til allra fagaðila og biðja þá að setja hann inn á heimasíður sínar → *Bjarni tók þetta að sér.*
7. **Lógó félagsins** – Lýsa enn og aftur eftir að einhver drátthagur útbúi lógó fyrir félagið á fundarboði fyrir næsta aðalfund. Og bjóða verðlaun fyrir bestu tillögu (kaupa t.d. bók í verðlaun).
8. **Árgjald félagsins** – Stjórn ræddi hvort árgjald félagsins væri of hátt (3000 kr.), þar sem talsvert hefur borið á því að félagar hafa ekki staðið í skilum með greiðslur. Stjórn íhugar að leggja það fyrir á næsta aðalfundi að lækka árgjaldið – og ákveða þar með að virkni félagsins í hlutum og viðburðum sem kosta peninga verði ekki meiri en verið hefur.
9. **Næsti stjórnarfundur** - Stefnt á að halda næsta stjórnarfund í lok febrúar eða byrjun mars, þar sem gengið verður frá fundarboði á Aðalfund og dagskrá hans mótuð.